



382. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 15. september 2011. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þráinn Bertelsson, Oddný Harðardóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt mætti vegna 1. dagskrárliðar.

Þetta gerðist;

1. Almennagjá, kynning á stöðunni.

Á síðasta fundi Þingvallanefndar var samþykkt að hefja þegar framkvæmdir á Kárstaðastíg með því að hreinsa frá gatínu, hnitsetja gjána, kortleggja aðstæður og moka aðfluttu efni upp úr gjánni. Umsjón með verkinu ásamt þjóðgarðsverði hefðu Hjörleifur Stefánsson arkitekt og Kolbeinn Sveinbjörnsson frá Heiðarbæ.

Þann 27. ágúst var hafist handa við að sópa og moka ofanaf umhverfi gatsins. Aðflutt grjót hefur verið notað til að fylla upp í gjána á sínum tíma ásamt ofanburði, sem var að meðaltali 70 cm þykkur. Í dag er staðan sú að 3 göt hafa opnast í stígnum og eru þau alls 13 m á lengd og dýpt gjárinnar er á bilinu 7-15 metrar.

Uggi Ævarsson fornleifafræðingur var fenginn til að skoða hvort manngerðar leifar væru í stígnum, sem ekki reyndist vera og Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur var fenginn til að taka út verkið. Burðarþolsfræðingur skoðaði einnig gjána..

Núna liggur fyrir að klára að sópa og moka ofanaf Kárstaðastíg upp að útsýnispallinum á Hakinu. Þá mun klöppin verða spúluð til að sprungur sjáist betur svo unnt sé að áætla verkið út frá því.

Öryggismál. Eingöngu er unnið með tæki sem ekki valda titringi til að hindra hættu á hrúni. Starfsfólk er upplýst um hættuna og bera allir öryggishjálma við vinnu. Vinnusvæðið er girt af með girðingu, borðum og skiltum. Grafan lokar einnig fyrir aðgengi niður gjána. Enginn hefur farið ofaní gjárnar vegna hrúnhættu eftir að byrjað var að vinna við hreinsunina. Haft var samband við ferðaskrifstofur og aðila ferðaþjónustunnar til að upplýsa um lokun Almennagjár.

Þingvallanefnd samþykkir að fela þjóðgarðsverði að vinna áfram að framkvæmdum skv. þeirri áætlun sem fyrir liggur; aðflutt efni verði hreinsað og flutt á burt og lengd gjárinnar könnuð til hlítar. Að því búnu verði lokið við hönnun gönguleiðar og gerð kostnaðaráætlunar og lagt fyrir nefndina. Mikilvægt er að Þingvallanefnd fylgist náið með framvindunni og að áætlun verði endurskoðuð breytist forsendur á tímabilinu.

2. Hugmyndaleit.

Þjóðgarðsvörður upplýsti að dómnefnd Hugmyndaleitar muni ljúka vinnu sinni innan tveggja vikna. Blaðamannafundur verður haldinn til að kynna úrslitin og sýning verður haldinn á öllum tillögum hugmyndaleitarinnar og mun hún standa yfir í eina viku. Í lok þeirrar viku

verður haldið málþing þar sem landsmönnum gefst tækifæri á að ræða um hugmyndaleitina og framtíð Þingvalla. Stefnt er að því að halda sýninguna og málþingið eins fljótt og hægt er.

3. Gamli bærinn á Kárastöðum.

Drög að svarbréfi til Sjárvarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins lögð fram, sbr. samþykkt síðasta fundar.

Svarbréf samþykkt.

4. Veitingasala í Þjónustumiðstöð.

Samþykkt að bjóða rekstraraðila veitingasölu í Þjónustumiðstöð áframhaldandi leigusamning til tveggja ára í samræmi við umræður á fundinum. Nefndarmenn fái afrit af leigusamningnum í tölvupósti.

5. Heildarskipulag þjóðgarðsins, þarfagreining og endurskoðun á deiliskipulagi á Haki og við Fræðslumiðstöð. - Frestað á síðasta fundi.

Þingvallanefnd samþykkir að hafist verði handa við endurskoðun á deiliskipulagi á Hakinu bæði hvað tekur til aðkomu að svæðinu og stækkunar bílaplans sem og húss og mannvirkja með það fyrir augum að byggt verði við fræðslumiðstöðina. Fengnir verði til fagaðilar til umsjónar verkefnisins og einstakra verkþátta og leitast við að fá alla þá sem unnið hafa að skipulagsmálum á Hakinu til fundar um verkefnið sem fyrst. Unnið verður eftir stefnumótun þjóðgarðsins og framtíðarsýn. Lögð verði áhersla á að stækkun bílastæðisins geti hafist sumarið 2012.

Önnur mál.

1) Laxfiskar – styrkumsókn.

Þingvallanefnd samþykkir að veita Laxfiskum 900.000 kr. í styrk vegna urriðarannsóknna á árinu 2011. Rannsóknirnar fela í sér framhald á rannsóknarverkum fyrri ára. Niðurstöður rannsókna nýtast til að efla þekkingu á þeim verðmætum sem felast í náttúru Þingvallavatns.

2) Lögð fram drög að svarbréfi til sumarhúsaeygenda.

Þingvallanefnd hafa borist dreifibréf frá sumarhúsaeygendum í Kárastaðalandi ásamt greinargerð Hjörleifs Kvaran, lögfræðings. Samþykkt að fela formanni og Lilju Jónasdóttur lögfræðingi að svara erindinum.

3) Formaður upplýsti um mengunarmælingar við Mjóanes.

Fleira ekki gert og fundi slitið 9.50.